



Reykjavík, 22. febrúar 2024

USK23110190

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. nóvember 2023.

„Lagt er til að ráðist verði í endurnýjun gangstéttar milli Hagasels og Seljaskóga. Um er að ræða fjölfarna gönguleið skólabarna og er gangstéttin eydd, sprungin og ójöfn. Umrædd gangstétt liggur að upphækkaðri og hellulagðri gangbraut yfir Seljaskóga og er jafnframt lagt til að gert verði við hana.“

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 29. nóvember 2023:

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gangstétt milli Hagasels og Seljaskóga, sbr. 35. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. nóvember 2023.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Umsögn um tillögu

Tillögunni hefur verið komið áfram til verkefnastjóra framkvæmda og viðhalds sem mun skoða og meta ástandið. Minni skemmdir verða lagfærðar af starfsmönnum Reykjavíkurborgar en ef um stærri viðgerð er um að ræða verður hún sett á verkefnalista viðgerðaverktaka.

Ennfremur er í undirbúning að framkvæmda ástandsmat göngu- og reiðhjólástíga í Reykjavík. Um er að ræða steyptar og hellulagðar stéttar og malbikaða göngu- og reiðhjólástíga auk malastíga. Ástandsgreining fer þannig fram að göngu og reiðhjólástígum er skipt upp í ástandsflokka eftir sjónskoðun. Í framhaldinu verður gerð framkvæmdaáætlun þar sem verkefnum er forgangsraðað eftir ástandsflokkuninni og samkvæmt samþykktum fjárheimildum vegna endurnýjunar og viðhalds á göngu- og reiðhjólástígum.



Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds



Reykjavík